



## Hertar samfélagslegar aðgerðir sem gilda frá mánudeginum 5. október 2020

### Skólar, íþróttá- og tómstundastarf

Samkvæmt auglýsingu frá heilbrigðisráðherra sem byggir á tillögum sóttvarnarlæknis gilda engar hömlur í leik- og grunnskólum hjá börnum sem fædd eru 2005 og síðar heldur einungis hjá eldri einstaklingum. Um þá einstaklinga gildir 30 manna hámarksreglan og eins metra nándartakmörkun. Lögð verði áhersla á einstaklingsbundnar smitvarnir eins og kostur er. Sama gildir um tónlistarskóla og íþróttir og tómstundir leik- og grunnskólabarna.

### Leikskólar

- Ákveðið að skerpa á almennum sóttvarnarráðstöfunum sem snúa m.a. að hreinlæti, sóttþreinsun handa við innganga og tíðum almennum handþvotti.
- Fjölda- og nálægðartakmarkanir gilda áfram um fullorðna og því er mjög mikilvægt að starfsmenn og foreldrar haldi þeim.
- Inngöngum skipt upp eftir deildum til að létta á umferð foreldra í fataklefum.
- Mælst til þess að aðeins eitt foreldri/aðstandandi komi með barnið í leikskólann/sæki það en það þarf ekki að vera sá sami að morgni og þegar barnið er sótt. Mikilvægt er að foreldrar staldri stutt við hverju sinni í fataklefa og komi ekki inn á deildina.
- Lögð er áhersla á að skila börnum á útileikvelli í lok dags eins og kostur er til að létta á fataklefum og auðvelda starfsfólki að sóttþreinsa kennslubúnað/snertifleti í lok dags.
- Leikskólabörn, foreldrar og starfsfólk leikskóla eiga alls ekki að mæta í leikskólann ef þau eru með flensueinkenni eða einkenni sem svipar til einkenna COVID-19, s.s. hita, hósta, kvef, bein- og vöðvaverki eða þreytu. Miðað er við að leikskólabörn og starfsfólk skuli vera hitalaus a.m.k. einn sólarhring og tilbúin að taka þátt í leikskólastarfinu bæði úti og inni áður en þau snúa aftur í skólann (gott er að skoða gátlista um heilsufar barna í leikskóla sem gefinn hefur verið út).
- Ef margir koma samtímis í fataklefa eru foreldrar vinsamlega beðnir um að meta hvort þeir þurfi að hinkra aðeins fyrir utan á meðan aðrir foreldrar eru þar með sín börn. Með þessu gerum við okkar besta í að framfylgja fjarlægðarmörkum.
- Foreldrar eru beðnir um að tæma hólfi barnsins og skógrindur á föstudögum og ekki er leyfilegt að koma með leikföng að heiman.

### Grunnskólar

- Ákveðið að skerpa á almennum sóttvarnarráðstöfunum sem snúa m.a. að hreinlæti, sóttþreinsun handa við innganga og tíðum almennum handþvotti.
- Fjölda- og nálægðartakmarkanir gilda áfram um fullorðna og því er mjög mikilvægt að starfsmenn og foreldrar haldi þeim.
- 30 manna fjöldatakmörkun. Hámarksfjöldi er 30 inn á kaffistofu. Ef kaffistofur eru fullar skal nota önnur rými í skólanum.



- 1 metra reglan er áfram í gildi. Starfmenn passi upp á það og noti grímu ef ekki er hægt að viðhafa 1m nálægðarmörk. Ekki fleiri en fjórir við hvert borð á kaffistofu.
- Allir fundir þar sem fjöldi er 30 og yfir verða haldnir í fjarfundi.
- Tilmæli til foreldra að koma ekki inn í skólann nema eiga áriðandi erindi eða eru að koma á boðaðan fund. Viðhalda 1m reglu og grímuskyldu á fundum.
- Kennarar verði undirbúnir að fara í fjarkennslu með stuttum fyrirvara. Taki með sér tölvur heim á kvöldin og nemendur séu með í töskunni efni sem hægt er að vinna heima.
- Að kennslu lokinni sinna starfsmenn samstarfi og teymisvinnu í gegnum fjarfundarbúnað og mæta á fundi sem boðaðir eru eftir atvikum á Teams eða í eigin persónu.
- Sjálfskömmtun hætt frá og með 7. október. Allir starfsmenn sem aðstoða í matsal skulu vera með hanska og grímu. Örbylgjuofnar og samlokugrill eru tekin úr umferð tímabundið.
- Reynt að takmarka samgang starfsfólks eins og hægt er með því að bjóða upp á fleiri staði innan skóla fyrir kaffi og næðistund og einnig takmarka þann tíma sem fólk er í nálægð við hvert annað í sama rými.
- Tilfallandi útlán og leiga á skólahúsnæði hætt tímabundið.
- Sóttkvíar- og smitskráning tekin upp hjá starfsmönnum og nemendum.

#### **Fræðsluskrifstofa**

- Áhersla lögð á fjarvinnu næstu tvær vikurnar. Starfsliðinu skipt upp í tvo hópa sem verða í fjarvinnu sitthvora vikuna.
- Fundir og heimsóknir í skóla verða takmarkaðar, alfarið fjarfundir næstu tvær vikurnar gagnvart leik- og grunnskólum.
- Endurmenntunarnámskeið og fræðsluerindi munu fara fram í gegnum Teams eða aðrar fjarfundalausnir.

#### **Tónlistarskóli**

- Forráðamenn nemenda komi ekki inn í skólann nema þeir eigi brýnt erindi.
- Á báðum hæðum er rúmt um nemendur sem bíða eftir að kennslustundir hefjist og auðvelt um vik að virða þau fjarlægðarmörk sem gilda fyrir nemendur sem eru 16 ára og eldri.
- Mælst er til þess að grímur séu notaðar af nemendum 16 ára og eldri og kennurum þeirra. Í vissum námsgreinum gengur það ekki að nemendur séu með grímur, t.a.m. blásara- og söngnemendur, en kennarar séu þá með grímur eins mikið og gerlegt er.
- Rík áhersla er lögð á handþvott og að nemendur og kennarar sótthreinsi hendur.
- Sótthreinsilögur er í hverri kennslustofu sem kennarar nota til að strjúka yfir píanóhljómborð, nótnastatíf og aðra snertifleti eftir hverja kennslustund.

#### **Íþróttastarf**

- Líkamsræktarstöðin Massi í íþróttahúsi Njarðvíkur verður lokuð í samræmi við lokun líkamsræktarstöðva almennt.



- Sundstaðir verða opnir en tryggt að gestafjöldi sé aldrei meiri en 50% af leyfilegum hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi eða þess fjölda sem gert er ráð fyrir í fataskiptarými. Börn fædd árið 2005 og síðar eru ekki talin með í gestafjölda.
- Sameiginlegir snertifletir verða sóttheinsaðir reglulega yfir daginn.
- Keppnisíþróttir með snertingu verða leyfðar með hámarksfjölda 50 einstaklinga að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
  - Sérsambönd ÍSÍ geri reglur um framkvæmd æfinga og keppni í sínum greinum.
  - Reglurnar verði unnar í samvinnu við ÍSÍ sem leitar sérfræðiráðgjafar hjá sóttvarnalækni.
  - Eins metra nándartakmörkun verði virt í búningsklefum og öðrum svæðum utan keppni og æfinga skv. reglum hvers sérsambands ÍSÍ.
  - Óheimilt er að hafa áhorfendur á íþróttaviðburðum innandyra. Utandyra er heimilt að hafa áhorfendur, allt að 100 í hverju rými, að því gefnu að gestir sitji í númeruðum sæti sem skráð eru á nafn og noti andlitsgrímu.
  - Keppnisáhöld verði sótthreinsuð milli notenda eins og kostur er.
- Aðrir skipulagðir hópar sem notið hafa aðstöðu í íþróttahúsum og sundlaugum bæjarins þurfa að hlýta sömu reglum um hertar takmarkanir og fram koma í tillögum sóttvarnarlæknis og mun forstöðumaður hafa sambandi við þá varðandi þá starfsemi.

Uppfært 7. október 2020.

Helgi Arnarson, sviðsstjóri fræðslusviðs.